

Fundargerð 329. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2010, föstudaginn 21. maí kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur M. Kristinsson, Björn Magnússon og í símasambandi voru Björg Ágústsdóttir, Skúli Þórðarson og Björn Arnaldsson í forföllum Más Sveinsbjörnssonar. Helga Jónsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 327. og 328. fundar - 1001001HA

Lagðar fram til staðfestingar fundargerðir 327. fundar frá 12. mars 2010 og 328. fundar frá 20. apríl 2010.

Fundargerðirnar voru staðfestar og undirritaðar.

2. Ársreikningur 2009 - 0603008HA

Lagður fram til staðfestingar ársreikningur Hafnasambands Íslands fyrir árið 2009 áritaður af kjörnum skoðunarmönnum hafnasambandsins, Sigríði Finsen og Sigurði Val Ásbjarnarsyni, sem leggja til að reikningurinn verði samþykktur.

Stjórnin staðfesti ársreikninginn og undirritaði hann.

Jafnframt var samþykkt í ljósi góðrar fjárhagsstöðu hafnasambandsins að leggja til við hafnasambandsþing í september að árgjöld aðildarhafnanna verði lækkuð á árunum 2011 og 2012.

3. Frumvarp til breytinga á hafnalögum - aflagjald - 1004001HA

Formaður gerði grein fyrir heimsókn sinni á fund samgöngunefndar Alþingis 12. maí 2010 þar sem til umræðu var frumvarp til breytinga á hafnalögum - aflagjald og fleiri þættir.

4. Þingsályktunartillaga um ferjusiglingar frá Bretlandi til og frá Vestmannaeyjum - 1005002HA

Lögð fram til umsagnar þingsályktunartillaga um ferjusiglingar frá Bretlandi til og frá Vestmannaeyjum, 527. mál. Eftirfarandi umsögn samþykkt samhljóða:

Stjórn Hafnasambands Íslands hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um ferjusiglingar frá Bretlandseyjum til og frá Vestmannaeyjum, þskj. 916 - 527. mál. Stjórn hafnasambandsins tekur ekki afstöðu til tillögunnar.

5. Hafnasambandsþing 2010 - 0904010HA

Rætt var um undirbúning hafnasambandsþings 2010 sem haldið verður á Snæfellsnesi 23. og 24. september nk.

Gísli Gíslasyni formanni og Birni Magnússyni falið að gera tillögu að fyrirkomulagi hafnasambandsþingsins á grundvelli þeirrar umræðu sem fram fór á fundinum.

6. Júní-fundur stjórnar - 1001001HA

Samþykkt var að næsti fundur stjórnar verði haldinn mánudaginn 28. júní í Grímsey og á Akureyri. Einnig var samþykkt að mökum stjórnarmanna væri velkomið að taka þátt í fundarferðinni gegn greiðslu ferðakostnaðar.

7. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Formaður ræddi um heildarendurskoðun hafnalaga og undirbúning fyrir það verkefni. Hann lagði fram íslenskar þýðingar á hafnalögum í Danmörku, Noregi og Finnlandi, ásamt hafnarreglum fyrir Gautaborg í Svíþjóð, sem geta nýst í þeirri vinnu sem framundan er.

Fundi var slitið kl. 12:00.

Gísli Gíslason

Björg Ágústsdóttir

Björn Magnússon

Ólafur M. Kristinsson

Skúli Þórðarson

Björn Arnaldsson

ritari

